

Söngdagskrá Ísaksskóla 2025-2026

Jólin 2025



24. – 28. nóvember

Við kveikjum fyrsta kerti á

Hátíð fer að höndum ein

Eitt af blómunum

Íslands minni

Ég á þessi föt

Þegar vetur

1. – 5. desember

Kirkjuferð 3. desember

Það snjóar

Við óskum þér góðra jóla/We wish you a merry christmas

Við kveikjum öðru kerti á

Eitt af blómunum

Hátíð fer að höndum ein

Þegar vetur

8. – 12. desember

Jólasveinahúfudagur 12. desember

Við kveikjum þriðja kerti á

Jól í hjarta

Heims um ból

Hátíð fer að höndum ein

Það snjóar

Við óskum þér góðra jóla/We wish you a merry christmas

Við kveikjum fyrsta kerti á

Lag: Emmy Köhler

Ljóð: Herdís Egilsdóttir

Við kveikjum fyrsta kerti á,
það kennt við spádóm er
Um fátækt barn í fjárhúskró
með frið í hjarta sér.

Við kveikjum öðru kerti á
af kærleik fyllast menn.
Sitt nafn það ber af Betlehem,
þar barnið fæðist senn.

Við kveikjum þriðja kerti á,
það kennt er hirða við,
sem gættu kind um napra nótt
í nánd við fjárhúsið.

Við kveikjum fjórða kerti á,
nú komin eru jól
og englar syngja undurblítt
svo ómar heims um
ból.



Hátíð fer að höndum ein

Íslenskt þjóðlag
Gömul þjóðvísa

Hátíð fer að höndum ein,
hana vér allir prýðum.
Lýðurinn tendri ljósin hrein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.

Gerast mun nú brautin bein
bjart í geiminum víðum
ljómandi kerti' á lágri grein
líður að tíðum
líður að helgum tíðum.

Ég á þessi fót

Lag: Atli Heimir Sveinsson
Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka, nýta,
húfutetur, hálsklút þó,
háleistana hvíta.

Íslands minni

Lag: Atli Heimir Sveinsson
Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Þið þekkið fold með blíðri brá
og bláum tindi fjalla
og svanahljómi, silungsa
og sælu blómi valla
og bröttum fossi, björtum sjá
og breiðum jökulskalla.
Drjúpi' hana blessun drottins á
um daga heimsins alla.

Þegar vetur

Lag og ljóð: Ásgeir Orri Ásgeirsson
og IceGuys

Þó ég gæti sagt, að mér
líði í skammdegi vel
þá er það samt satt, ég sver
að einsemdin læðist að mér
ég gæti brosað
og ég gæti lofað
og ég gæti logið
og logið að mér

*En þegar vetur gerir vart við sig
og daga líða fljótt
ertu áfylling á kaffið mitt
þegar ég sé ekki sól
ég þarfeitthvað eða einhverja
sem yljar mér,
í desember*

það er svo margt, sem mig
langar að vita um þig
ef úti er kalt, ég spyr
má ég koma og veita þér yl
því þú gætir brosað
og þú gætir lofað
og þú gætir logið
og logið að mér

*En þegar vetur gerir vart við sig
og daga líða fljótt
ertu áfylling á kaffið mitt
þegar ég sé ekki sól
ég þarfeitthvað eða einhverja
sem yljar mér,
í desember*

Allt fullt af skrauti
en svo tómlegt hjá mér (tómlegt hjá mér)
þó að ég þrauki
þá veistu það vel (þú ert)
stjarnan mín, (stjarnan mín)

þarfnast þín, (þarfnast þín)
desember

*En þegar vetur gerir vart við sig
og daga líða fljótt
ertu áfylling á kaffið mitt
þegar ég sé ekki sól
ég þarf eitthvað eða einhverja
sem yljár mér,
í desember*

Eitt af blómunum

Lag og ljóð: Benedikt H. Hermannsson og Páll
Óskar Hjálmtýsson

Nú er tími til að syngja um
þá sem koma heim úr skólanum
og á bakinu með fúkyrðaflaum
sem að fáir gáfu gaum.

Alltaf valin síðust í leikjunum,
standa upp við vegginn á ballinu
og svo kveljast þau úr efasemdum
sem aukast svo með árunum

Og nú vil ég bara spyrja þá
sem að standa bara og horfa á
hvernig myndi sjálfum þeim verða við
ef að enginn brygðist við.

Fyrir þau sem kjósa að sitja hjá
horfa á alla aðra ráðast á
þau sem þurfa að bera farangurinn
sem er miklu þyngri en þinn.

Þú veist alveg hver það er
sem ég er að tala um
því þú hefur áður séð

*Alla þá sem hugsa með hjartanu
alveg örugglega á rófinu
og með hæfileikana í blóðinu
og með brjáláð sens fyrir díteilum*

*eru samt einn af öllum litunum
það er alveg nóg pláss í garðinum
komdu og vertu með hinum blómunum
og ég syng þetta fyrir*

Þú fékkst allar náttúru gjafirnar
núna þarft þú bara að vita það
þessi heimur væri leiðinlegt pleis
ef að allir væru eins

Þú ert fallegasti liturinn
inni í risastóru litrófi
ef þú spyrð, er eina heilræðið mitt
farðu og finndu fólkið þitt

Þú veist alveg hver það er
sem ég er að tala um
því þú hefur áður séð

*Alla þá sem hugsa með hjartanu
alveg örugglega á rófinu
og með hæfileikana í blóðinu
og með brjáláð sens fyrir díteilum
eru samt einn af öllum litunum
það er alveg nóg pláss í garðinum*

*fyrir þá sem hugsa með hjartanu
alveg örugglega á rófinu
og með hæfileikana í blóðinu
og með brjáláð sens fyrir díteilum
eru samt einn af öllum litunum
það er alveg nóg pláss í garðinum
komdu og vertu með hinum blómunum
og ég syng þetta fyrir*

Það snjóar

Lag: Iller Pattacini & Norman Newell

Ljóð: Bragi Valdimar Skúlason

Nú held ég heim á ný
þó heldur sé hann kaldur
og þó bæti bylinn í
og bíti frostið kinnar mér sem galdur.

Nú held ég heim á leið
þó heldur sé hann napur
og þó gatan enn sé greið
þá geng ég hana ofurlítið dapur.

Því það snjóar
í hjarta mér það snjóar bara og snjóar.

*Samt held ég heilög Jól
þó harðir blási vindar
þá rís sæ úr austri sól
sem allar sorgir blindar
núna held ég heim til þín
uns hrímhvít fönnin felur sporin mín*

Ég geng um hjarnið ofurlítið dapur
Því það snjóar
í hjarta mér það snjóar bara og snjóar.

*Samt held ég heilög Jól
þó harðir blási vindar
þá rís sæ úr austri sól
sem allar sorgir blindar
núna held ég heim til þín
uns hrímhvít fönnin felur sporin mín*

Við óskum þér góðra jóla/We wish you a merry Christmas

Lag: enskt þjóðlag

Ljóð: Hinrik Bjarnason

Við óskum þér góðra jóla,
við óskum þér góðra jóla,
við óskum þér góðra jóla,
og gleðilegs árs.

Góð tíðindi færum við
til allra hér:
Við óskum þér, góðra jóla
og gleðilegs árs.

We wish you a merry Christmas
We wish you a merry Christmas
We wish you a merry Christmas
And a Happy New Year.

Good tidings we bring
to you and your kin
We wish you a merry Christmas
and a Happy New Year.

Heims um ból

Lag: Franz Gruber

Texti: Sveinbjörn Egilsson

Heims um ból, helg eru jól,
signuð mæð son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
:/: meinvill í myrkrunum lá :/:

Heimi í hátíð er ný.
Himneskt ljós lýsir ský.
Liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
:,: konungur lífs vors og ljóss. :,

Heyra má himnum í frá
englasöng: Allelújá.
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
:,: samastað syninum hjá. :,

Jól í hjarta

Lag og ljóð: Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir

Þegar jólasveinar arka niður fjöll
koma hoppandi með hávæð hlátrasköll.
Jóla ljósinn tendr'upp myrkið út um allt
hvítur snjórinn fellur, úti er svo kalt.

Þegar börnin skríð'í rúmið ósköp þreytt,
hugs'um jólatréð í stofunni svo skreytt.
Sætur kökuilmur, kanill, kert'og spil,
jólin eru komin hér um bil.

Það eru jól í hjarta mér
Það eru jól í hjarta þér.
þó að úti frostið bít
inni jólaandi er.
Það eru jól í hjarta mér
af því að jólin nálgast óðum og ég
í sparidress fer (*og ég*)!
Gleðjumst öll saman í Desember.